

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 41/2005

frá 11. mars 2005

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfse mi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 16/2005 frá 8. febrúar 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2004/358/EB frá 7. apríl 2004 um sameiginlegt, evrópskt eyðublað fyrir leyfisskjöl sem eru gefin út í samræmi við tilskipun ráðsins 95/18/EB um veitingu leyfa til járnbrautarfyrirtækja ⁽²⁾ skulu felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir 94. lið (tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2001/290/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„95. **32004 H 0358**: Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2004/358/EB frá 7. apríl 2004 um sameiginlegt, evrópskt eyðublað fyrir leyfisskjöl sem eru gefin út í samræmi við tilskipun ráðsins 95/18/EB um veitingu leyfa til járnbrautarfyrirtækja (Stjtíð. ESB L 113, 20.4.2004, bls. 37).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilmæla 2004/358/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 12. mars 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 161, 23.6.2005, bls. 37 og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 32, 23.6.2005, bls. 22.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 113, 20.4.2004, bls. 37.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 11. mars 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

R. Wright

formaður.